

Verður ekki talið, að hér sé um nýtt mál eða nýjar málsástæður að ræða, heldur endurtekning á því, sem áður er úrskurðað, og þykir því verða að vísa máli þessu frá uppboðsréttinum ex officio.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að uppboðsbeiðandi greiði varnaraðilja í málskostnað kr. 1000.00.

Því úrskurðast:

Máli þessu vísast frá uppboðsréttinum.

Uppboðsbeiðandi, Ingólfur Ketilsson, greiði varnaraðilja, Guðfinnu Pétursdóttur, kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 11. marz 1953.

Nr. 116/1952. **Haraldur Júlíusson f. h. Björns Hauks Baldvinssonar** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Vagni E. Jónssyni (Einar Arnórsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Synjað um innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1952. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að taka úr vörzlum stefnda kr. 48089.09. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda í Hæstarétti.

Þegar stefndi var krafinn greiðslu á fjárhæð þeirri, sem hann hafði í sínum vörzlum og í málinu greinir, vissi hann, að lánardrottinn Baldvins Kristinssonar áttu háar fjárkröfur á hendur honum og bjuggust til að leita fullnægju í nefndri dómsfjárhæð. Eins og högum Baldvins var háttað, hafði

stefndi ástæðu til að ætla, að lánardrottinn Baldvins myndu krefjast gjaldþrotaskipta á búi hans, eins og raun varð og á, og að lánardrottinnir mundu þá freista þess að rifta framsalsgerningi Baldvins Kristinssonar 2. október 1951. Að svo vöxnu máli og þar sem óséð er, hvort gerningi þessum kann að verða rift, verður að telja, að stefnda sé rétt að synja um afhendingu nefndrar fjárhæðar. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Haraldur Júlíusson f. h. Björns Hauks Baldvinssonar, greiði stefnda, Vagni E. Jónssyni, kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógættar Reykjavíkur 27. júní 1952.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 24. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Haraldur Júlíusson kaupmaður, Sauðárkróki f. h. Björns Hauks Baldvinssonar, Húsey í Seyluhreppi, krafist þess, að honum verði með beinni fógættarð afhentir peningar, sem nefndur Björn eigi í vörzlu Vagns E. Jónssonar hdl., er nemi samkvæmt dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. nóv. 1951, kr. 48.846.00 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 og kr. 7000.00 í málskostnað, en að frádregnum lögmætum kostnaði vegna hæstaréttarmálsins.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Aðiljar hafa hvor um sig krafist málskostnaðar.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. nóv. s.l., fékk Baldvin Kristinsson, faðir Björns Hauks, tildæmdar kr. 48.846.00 með 6% ársvöxtum frá 18. marz 1948 og kr. 7000.00 í málskostnað úr hendi ríkissjóðs, en nokkru áður en dómur þessi féll, hafði hann framselt nefndum syni sínum, sem er ófjárráða, kröfu þessa til fullrar eignar, og er það tekið fram í framsalsbréfinu, að um greiðslu sé að ræða upp í arf eftir móður hans, Steinunni Björnsdóttur, sem talið er að hafi látizt 30. sept. 1941.

Eftir að nefndur hæstaréttardómur féll, fóru nokkrir skuldheimtumen Baldvins Kristinssonar fram á, að gert yrði fjárnám í þessu sama fé. Meðal þeirra voru Sparisjóður Siglufjarðar, Sveinn Egilsson h/f og Ræsir h/f. Lyktir þessara mála voru þær, að fógæti synjaði um fjárnám

með úrskurðum uppkeðnum 28. jan. s.l., og var þessi niðurstaða byggð á því, að nefndur Baldvin væri ekki vegna framsalsins formlegur eigandi fjárins. Sparisjóður Siglufjarðar mun hafa áfrýjað úrskurði þeim, er hann varðaði, en ekki er enn fallinn dómur í því máli.

Í fjárnámsmálum þessum var því haldið fram, að framsal Baldvins til sonar síns væri ólöglegt gagnvart skuldheimtumönnum hans og skapaði því engan rétt til fjárins.

Sama dag og mál þetta var tekið til úrskurðar var bú Baldvins Kristinssonar tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu, og er þessi úrskurður byggður á árangurslausri löghaldsgerð, sem fór fram á heimili hans, Fífuhvammsvegi 5 í Kópavogshreppi 5. marz s.l.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á því, að fyrir liggi löglegt framsal á hinu umdeilda fé, sem veiti honum fulla heimild til að fá það í sínar vörzlur.

Gerðarþoli, sem við flutning málsins lýsti því yfir, að féð væri sérgreint í sínum vörzlum, telur hins vegar ekki fært að afhenda það gerðarbeiðanda, þar sem ekki sé ljóst, hver eigi löglegt tilkall til þess.

Af framansögðu er ljóst, að það er mjög umdeilt, hvort gerðarbeiðandi á rétt á að fá umrætt fé í sínar vörzlur og með tilliti til þess, sem fram er komið í málinu, einkum um fjárhagsástæður framseljanda þess, Baldvins Kristinssonar, verður ekki talið, að efni standi til þess, að gerðarbeiðanda séu fengnar vörzlur þess í hendur með beinni fógetagerð.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.
